

Alþingi
Erindi nr. P 135/376
komudagur 23.11.2007

Hr. Pétur H. Blöndal,
Formaður efnahags- og skattanefndar,
Alþingi,
150 Reykjavík.

London, 21. nóvember 2007

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Kjararáð nr. 47/2006 með síðari breytingum.
Þingskj. 267,
237. mál.

Í framhaldi af gildistöku laga nr. 47/2006 hinn 1. júlí 2006 kvað Kjararáð upp nokkra úrskurði um það hvaða aðilar skyldu falla undir ákvörðunarvald Kjararáðs. Með ákvörðun Kjararáðs var ákveðið að hvorki skrifstofustjórar í stjórnarráðinu né sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni skyldu falla undir úrskurðarvald þess. Í því tómarúmi sem þá myndaðist hafa kjör þessara aðila, sem eru án verkfallsréttar, verið einhliða ákvörðuð af fjármálaráðherra auk þess sem þeir voru skikkaðir í stéttarfélag (FHSS), einhliða og án nokkurs samráðs við viðkomandi starfsmenn.

Með ofangreindu frumvarpi er gerð bragarbót á þessu ástandi af hálfu fjármálaráðherra hvað varðar skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, og er það vel, en um leið eru sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni skyldir eftir úti í kuldanum.

Hér er um afleit vinnubrögð af hálfu hæstvirts fjármálaráðherra að ræða. Ljóst er að allra sjónarmiða hefur ekki verið gætt við samningu frumvarpsins og eðlilegt að spurt sé hvaða áhrifavaldi skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands hafi yfir að ráða, um fram aðra embættismenn stjórnarráðsins.

Með frumvarpinu er starfsstétt sendifulltrúa klofin í tvær fylkingar. Nú eru 23 sendifulltrúar starfandi í utanríkisþjónustunni og þar af hafa 7 titil skrifstofustjóra og falla því væntanlega undir ákvæði ofangreinds frumvarps. Fimm sendifulltrúar starfa í ráðuneytinu. Í sendiráðum og fastanefndum Íslands erlendis starfa hins vegar 11 sendifulltrúar, sem flutningsskyldir embættismenn. Af sjálfu leiðir að þeir hafa ekki tækifæri á því að starfa sem skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands meðan þeir eru að störfum erlendis. Þeir eru hins vegar í reynd skrifstofustjórar í sendiráðum/fastanefndum Íslands og í sömu stöðu gagnvart sendiherrum/fastafulltrúum sínum og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu gagnvart ráðuneytisstjórum.


Ég vek athygli á 8. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands, þar sem sendifulltrúum ásamt aðalræðismönnum er skipað í sama flokk og skrifstofustjórum.

Ennfremur vil ég vekja athygli á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996, 22. gr., þar sem bæði sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni svo og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu eru flokkaðir sem embættismenn. Það fer því ekki á milli mála að sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni eru jafnréttstæðir skrifstofustjórum og fram að þessu hefur ekki verið gerður greinarmunur þar á.

Hér er bæði um jafnréttis- og réttlætismál að ræða og undirritaður skorar því á háttvirta nefndarmenn efnahags- og skattanefndar að flytja breytingartillögu við ofangreint frumvarp, þar sem sendifulltrúum í utanríkisþjónustunni verði bætt við upptalninguna í 1. gr. frumvarpsins. Þar með verði tekinn af allur vafi og óvissu eytt hvar skipa eigi sendifulltrúum í sveit og að kjör þeirra verði ákvörðuð af Kjararáði, eins og gert var um áráraðir, með sambærilegum hætti og annarra skrifstofustjóra bæði í utanríkisráðuneytinu og stjórnarráðinu almennt.

Þess er að lokum góðfúslega farið á leit að bréfi þessu verði dreift til annarra nefndarmanna efnahags- og skattanefndar.

Með vinsemd og virðingu



Haukur Ólafsson,
sendifulltrúi,
Sendiráði Íslands,
London.